

Tálfjórðarhreyppur
Óskar Örn Gunnarsson
Miðtúni 1
460 Tálfjórðir

Reykjavík, 8. maí 2023
UST202303-333/A.B.
10.04.02

Efni: Vinnslutillaga - Aðalskipulag Tálfjórðarhreypps 2019-2031 - endurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálfjórðarhreypps er barst 29. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á vinnslutillögu að endurskoðun á Aðalskipulagi Tálfjórðarhreypps.

Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi þætti varðandi vinnslutillöguna, en áskilur sér rétt til umsagnar á síðari stigum.

Sjálfbær þróun

Í vinnslutillögunni kemur fram að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun sveitarfélagsins og telur Umhverfisstofnun það jákvæða nálgun. Umhverfisstofnun bendir á að í b. lið 1. gr skipulagslaga nr. 123/2010 segir að markmið þessara laga sé að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Umhverfisstofnun bendir á ákvæði um hverfisvernd telji sveitarfélagið að svæði séu fyrir hendi innan sveitarfélagsins sem ber að vernda. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir m.a. að ef talin er þörf á að vernda náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna náttúrulegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að Ketildalir í Arnarfirði sem eru á náttúruminjaskrá nr. 340 geti að litlum hluta verið innan sveitarfélagsins Tálfjórðar. Sjá afmörkun: <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru vistgerðir innan sveitarfélagsins sem hafa mjög hátt

verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög háttverndargildi með ríkulegur fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og þúfutittlingur (*Anthus pratensis*).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla.

Dýralíf

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ tekur saman válista yfir plöntur, spendýr og fugla landsins en válistar eru skrár yfir lífverutegundir sem eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í útrýmingarhættu.

Innan sveitarfélagsins eru selalátur sem er staðsett rétt austan við Tálknatá og hægt er að sjá staðsetninguna þess á <http://selalatur.ni.is/>.

Umhverfisstofnun vill benda á að eru selir skráðir á válista NÍ(2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að það komi fram hver stefna sveitarfélagsins í verndun tegunda sem eru í hættu og varðandi verndun selaláttra.

Tálkni

Umhverfisstofnun vill benda að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Patreksfjörður – Djúp, en innan þess svæðis er fuglabjörgin í Tálkna. (<https://www.ni.is/greinar/vf-patreksfjordur-djup>). NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja og felur sá listi í sér mat á verndargildi svæða.

Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu sú að fýlabyggðin í Tálkna er ein af tíu stærstu fýlabyggðum landsins og teljast þær allar alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.

Stjórn vatnamála

Í greinargerð segir að Umhverfisstofnun hefur lagt fram drög að vatnaáætlun, skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Skv. drögnum eru vatnshlotin í Tálknafirði ekki í hættu.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Þéttbýli

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess er kemur fram í lýsingu að styrkja þéttbýli sveitarfélagsins m.t.t. til íbúðarbyggðar. Í kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Óbyggð víðerni

Með 1. gr. laga nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu hugtaksins óbyggð víðerni á þann veg að orðunum „að jafnaði“ var bætt framan við orðin í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum [...]. Skilgreiningin á hugtakinu óbyggð víðerni í 19. tölulið 5. gr. laga nr. 60/2013 er eftirleiðis svohljóðandi:

Óbyggð víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun. Að mati

Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Mat á umhverfisáhrifum á verndarsvæðum

Í greinargerð er fjallað um að verkefni falla mögulega undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun bendir á að verndarsvæðin sem skógræktin sem hér er til umfjöllunar nær til fellur líklegast undir a. og e. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort verkefnin falli undir ofangreindan lið.

Fráveita

Varðandi umfjöllun tillögunnar um fráveitumál bendir Umhverfisstofnun á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu og eðli hreinsivirkja. Auk þess er mikilvægt að fram komi hvert sé ástand viðtaka fráveitu. Stofnunin bendir á að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum að þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

Virkjanir og vatnamál

Í vinnslutillögunni kemur fram að samkvæmt rammaáætlun eru engin landsvæði innan sveitarfélagsins í orkunýtingarflokki, í biðflokki né verndarflokki. Ekki kemur fram hvort tillagan muni gera ráð fyrir nýjum virkjunum innan sveitarfélagsins en Umhverfisstofnun vill benda á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar þarf einnig að taka mið af þessum nýju kröfum. Umhverfisstofnun bendir á að strandsjór við Ísland fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fyrirhuguð tillaga er innan strandsjávarhlots númer: 101–1279–C *Tálknafjörður*. Vatnshlotið er skjólsælt og það afmarkast af Tálkna og Stapadal í norðvestri og botn Tálknafjarðar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri